

fækkað um tvo þriðju á þessu ári

Nýlega var haldinn aðalfundur félags íslenzkra prjónlesframleiðenda og var á fundinum rætt um hið alvarlega ástand er nú hefur skapast í iðnaði þessum. Mikill samdráttur hefur átt sér stað í prjónlesiðnaðinum og hefur orðið að fækka starfsfólki um $\frac{2}{3}$, eða um talsvert á annað hundrað manns.

Ástæðurnar fyrir þessum mikla samdrætti er aðallega innflutningur erlendra prjóna vöru í skjóli hins svonefnda „frilista“. Enda þótt innlendi iðnaðurinn sé samkeppnisfær við hina erlendu framleiðslu hafa undanfarin hafta-ár valdið því, að íslenzkar framleiðslu vörur hafa ekki verið eins góðar og ákjósanlegt hefði verið, sem hefur orsakað tortryggni kaupenda gagnvart gæðum íslenzku framleiðslunnar.

Minnkandi kaupgeta almenningis.

Auk þess hefur minnkandi

kaupgeta almenningis vegna vaxandi dýrtíðar og atvinnuleysi eðlilega bitnað á iðnaðinum.

Hinsvegar hefur „frilistinn“ sína kosti, þar sem framleiðendur nú geta aflað sér varahluta í vélar og flutt inn erlent prjóna-garn og tvinna, auk annarra nauðsynja iðnaðarins.

Samkeppnisfær.

Fundur prjónlesframleiðenda skoraði á stjórnarvöldin að taka fyrir innflutning á erlendum prjónafatnaði, þar sem Framhald á 6. síðu.

Pí-pa-kí eftir Ká-Tsö-Tséng

Leikfélagið frumsýnir á annan í jólum sex alda gamalt kínverskt leikrit

Leikfélag Reykjavíkur mun í ár halda fornunni síð og bjóða Reykvikungum upp á stórt verkefni á annan dag jóla. Verður að þessu sinni sýnt kínverska leikritið Pí-pa-kí — eða Söngur lútunnar — eftir Ká-Tsö-Tséng. Leikrit þetta var frumsýnt í Peking 1404, en samið hálfri öld fyrr.

Þýðingu leikritsins hefur annazt Tómas Guðmundsson

Togararnir

Askur og Bjarni riddari fara í dag á ísfiskveiðar við Grænland. Keflvíkingur kom úr slipp í gær. Ísborg er í slipp. Skúli Magnússon sigldi í gærmorgun til Englands. Pétur Halldórsson og Uranus eru væntanlegir á morgun af veiðum og munu báðir landa hér. Hvalfell og Helgafell eru væntanlegir úr siglingu í dag.

Ingólfur Arnarson seldi 3189 kits í Hull í gær fyrir 10.892 pund, Karlsefni seldi í Grimsby í gær 3315 kits fyrir 10.135 pund. Báðir þessir togarar voru við veiðar við Grænland. Jón forseti átti að selja í Aberdeen í gær, en ókunnugt er um sölu.

skáld og einkum stuðzt við enskan og sænskan texta. Leikstjórinn er Gunnar R. Hansen og hefur hann einnig sniðið textann sérstaklega fyrir þessa leiksýningu; auk þess teiknað leiktjöld, sagt fyrir um búninga og samið hljómlist, en í leikritinu er mikil hljómlist, söngur og dans. Leikrit þetta er sem vænta má mjög nýstárlegt að formi og mun það birtast sýningargestum á sínum tíma.

Með aðalhlutverk, Tsæ-Jong, fer Gísli Halldórsson. Er þetta fyrsta aðalhlutverk hans, en hann hefur áður vakið mikla athygli með leik sínum sem svertinginn í Segðu steininum. Aðrir aðalleikendur eru Erna Sigurleifsdóttir, Guðbjörg Þorbjarnardóttir og Þorsteinn Ö. Stephensen. Auk þeirra eru 14 aðrir leikendur, enda er leiksýning þessi viðamikil, atriðin alls 15.

Fjölbætt starfsemi Bandalags íslenzkra leikfélaga

25 leiksýningar utan Reykjavíkur

Í Bandalagi íslenzkra leikfélaga eru nú 78 félög, aðallega ungmenntafélög og önnur hliðstæð, en einnig 17 hrein leikfélög. 25 þessara félaga sýna nú leikrit eða undirbúa sýningar. Hefur Bandalagið stuðlað að sýningum þessum á ýmsan hátt, og m.a. hefur nú verið prentuð sameiginleg leikskrá með táknrænni káputeikningu fyrir samstarfið en mismunandi texta, og er að því mikill sparnaður fyrir félögin.

B.I.L. hélt námskeið fyrir bandalagsfélög í haust og lauk því 27. nóvember. Var kennt í

Blaðamannafélag Íslands heldur áramótadansleik á gamlárskvöld eins og í fyrra og með sama sniði, í Tjarnarkaffi. Þeir sem sóttu dansleikinn í fyrra, auk blaðamanna og gesta þeirra, verða látnir sitja fyrir um aðgöngumiða, en þeir verða að gefa sig fram hið allra fyrsta, við einhvern eftirtalinna blaðamanna: Jón Bjarnason, Þjóðviljanum; Margræti Indriða dóttur, Fréttastofu Ríkisútvarpsins; Sverri Þórðarson Morgunblaðinu; Thorolf Smith, Vísi; Ingólfur Kristjánsson, Alþýðublaðinu; Andrés Kristjánsson, Tímanum.

þessum greinum: Leikstjórinn, andlitsförfun, leiktjaldagerð og meðferð ljósa. Sóttu námskeiðið 12 nemendur víðsvegar að, lengst að frá Borgarfirði eystra. Er þetta annað námskeiðið, sem B.I.L. gengst fyrir.

Á þessu hausti tók við framkvæmdastjórn fyrir bandalagið Sveinbjörn Jónsson, og hefur bandalagið því getað sinnt fleiri viðfangsefnum en fyrr.

Bandalagið hefur þegar fengið umboð fyrir marga ísl. leikritahöfundu, og á bráðlega von á handhægum erlendum leikritum til þýðingar og sýninga hérlandis. Skrifstofa bandalagsins er í bókasafni Þjóðleikhússins.

Í stjórn Bandalagsins eru: Ævar Kvaran form., Lárus Sigurbjörnsson ritari og Sigurður Gíslason gjaldkeri.

Íslenzka sjómenn vantar leiðarvísi um samskipti við Grænlandinga

Miklar líkur mega teljast á því að næsta sumar stundi mörg hundruð Íslendingar veiðar á Grænlandsmiðum. Mestu líkindi eru á því að þeir verði að hafa mikil samskipti við land og fólk. Þeim er því brýn nauðsyn á því að kunna skil á tungu þess og þekkja inn á hagi þess og siði. — Enginn leiðarvísir er til um slíkt á íslenzku. — Vill nú ekki einhver bókaútfandi eða útgerðarmaður styrkja mann fjárhagslega til þess að hann geti gefið sig við því að útbúa slíkan leiðarvísi? Áhuga og samvirkkusamlegri alúð mundi heitið við að leysa verkid vel af hendi og í því formi að útgáfan gæti borið sig fjárhagslega. — Þeir sem vildu sinna þessu eru vinsamlegast beðnir að gjöra svo vel að láta blaðið vita um það sem allra fyrst, helst fyrir jól.

Jólasýningin í Listvinasalnum óvenjulega fjölbreytt

Jólasýningin í Listvinasalnum stendur nú sem hæst, enda er þar um óvenjulega auðugan garð að gresja miðað við venju legar sýningar. Flestallir hinna eldri og þekktari málara okkar eiga þar myndir: Kjarval, Júlíana Sveinsdóttir, Kristín Jónsdóttir, Snorri Arinbjarnar, Þorvaldur Skúlason, Sigurjón Ólafsson og Ásmundur Sveinsson, svo að nokkrir séu taldir. Meðal hinna yngri manna, sem hafa látið að sér kveða, eru hér næstum undantekningarlaust allir: Jóhannes Jóhannesson, Kjartan Guðjónsson, Valtyr Pétursson, Skarphéðinn Haraldsson, Sverrir Haraldsson, Sig. Sigurðsson, Pétur Friðrik, Örlýgur Sigurðsson og margir fleiri.

541 hafa kosið í Sjómannafélaginu

Stjórnaðarkjör í Sjómannafélagi Reykjavíkur stendur yfir daglega. Kosið er frá kl. 10 til 11,30 f. h. og 3 til 6 e. h. í skrifstofu félagsins í Alþýðuhúsinu. Í kjöri eru A-listi, listi Sæmundar Ólafssonar & Co og B-listi, listi starfandi sjómanna skipaður eftirtöldum mönnum:

Karl G. Sigurbergsson formaður, Guðni Sigurðsson varaformaður, Hreggviður Daníelsson ritari, Bjarni Bjarnason féhirðir, Ólafur Sigurðsson vara-féhirðir, Guðmundur Elías Símónarson, Jón Halldórson meðstjórnendur, Stefán Oddur Ólafsson Sigurður Magnússon, Hólmur Magnússon í varastjórn.

Kjósið strax — Kjósið B-lista

ÞJÓÐVILJINN

Sunnudagur 16. desember 1951 — 16. árgangur — 285. tölublað

Samþykkt V. R.:

Lamandi áhrif ríkisvaldsins á útflutningsverzlun

„Aðalfundur V.R. 1951 fagnar auknu frelsi verzlana til vöruinnflutnings, en vill jafnframt benda á það, að en er langt í land að fullu verzlunarfrelsi sé náð. Bendir fundurinn sérstaklega á það hversu lamandi áhrif afskipti ríkisvaldsins hafa á útflutningsverzlunina og skorar á Alþingi og ríkisstjórn að gefa þessj viðskipti frjáls með þeim einum takmörkunum, að komið sé í veg fyrir óheilbrigð undirboð á íslenskum framleiðsluvörum á erlendum mörkuðum.“

Slökkviliðsmenn í Hafnarfirði leggja fram skilyrði sín

Í fyrrakvöld höfðu fulltrúar brunaliðsmannanna 19, í Hafnarfirði sem sagt hafa upp störfum til að mótmæla gerræði Emils Jónssonar fund með Helga Hannessyni bæjarstjóra.

Spurði Helgi hverju þeir vildu fá framgengt til að halda áfram störfum, en þeir lögðu

fram þrjú óhjákvæmileg skilyrði:

1. Að Haraldur Kristjánsson verði slökkviliðsstjóri áfram.
2. Að Guðmundur Þórir Egilson verði fastráðinn starfsmaður slökkviliðsins frá 1. janúar, en slökkviliðsstjóri mælti sem kunnugt er með honum í hið lausa starf.

3. Að slökkviliðsmennirnir verði að öðru jöfnu látnir ganga fyrir föstum störfum í slökkviliðinu, þegar þau losna eftirléiðis.

Gegn þessu kváðust þeir til sátta vilja fallast á að maður sá sem Emil réð verði áfram í starfi.

Helgi skrifaði tillögur þessarar niður og kváðst myndi leggja þær fyrir næsta bæjarráðsfund.


SÍÐUSTU FERÐIR FYRIR JÓL

Síðustu strandferðirnar út um land fyrir jól verða á mánuðagskvöld. Fer þá Herðubreið austur um land til Bakkafjarðar og Hekla vestur og norður til Þórshafnar. Hefur pósthöfn beðið Þjóðviljann að benda fólki á að koma með böggla sína fyrir kl. 1 á mánudag; að öðrum kosti sé óvíst að þeir komist með þessum seinustu ferðum.

Glæsilegt jólahefti Landnemans

Jólahefti LANDNEMANS kemur út nú um helgina. Er þetta stærsta og fjölbreyttasta hefti blaðsins til þessa, skemmtilegt og glæsilegt um allan búning.

Efni hans er m.a. þetta: Ávarp frá heimsfriðarþinginu í þýðingu Ásgeirs Hjartarsonar, enn ein hinna vinsælu kvikmyndagreina Sigurðar Blöndals, grein um kreppu kapitalismans eftir Hauk Helgason, greinin Tunga vor eftir Stefán Ögmundsson, grein um Heine og kommúnismann eftir Sverri Kristjánsson, framhald Kínagreinarinnar eftir Jones Endicott, smásögur eftir Saroyan, Geir Kristjánsson og Hauk, alþjóðasöngur æskunnar eftir Eio Bergmann (með nótum), ennfremur ljóð eftir Hauk og Jónatan Jónsson, ræða sú sem Bjarni frá Hófteigi flutti í Listamannaskálanum á afmælis hátíð alþjóðasambands stúdenta, framhald Berlínargreinar Ólafs Jenssonar, ræða sú sem Jónas Arnason hélt á



fundi Sósíalistaflokksins í Listamannaskálanum 1. des. Margar myndir eru í heftinu, þá.m. teikningar eftir Bidstrup.

MIÐGARÐUR



opnar JÓLASÖLU á tóbaki, sælgæti og jólakortum í dag.

VINDLAR:

Petitor pk.	kr. 14,75
Petitor 50 stk. ks.	kr. 73,80
Long Fellow í blikk-ks.	kr. 30,00
Long Fellow 25 stk. ks.	kr. 75,00
Imperial 25 stk. ks.	kr. 93,60
White Ash 25 stk. ks.	kr. 80,40
Sabrose 25 stk. ks.	kr. 64,80
Picant 25 stk. ks.	kr. 68,40
Nizam pk.	kr. 14,00
Nizam 50 stk. ks.	kr. 73,20
Fixe 50 stk. ks.	kr. 73,20

FLESTAR TEGUNDIR AF SIGARETTUM

REYKTÓBAK:

Raleigh — Three Nuns — Capstan
Gold Star Mixture — Gold Star Shag

SÆLGÆTI:

Konfektkassar — Súkkulaði —
Brjótsykur, margar tegundir.

Kaupið jólasælgætið hjá Miðgarði — Hvergi betri kaup!

MIÐGARÐUR

Þórsötu 1

Klukkan kallar

Bókin sem sló öll met
í sölu vestan hafs og austan og
kvikmyndin mun enn ganga
í mörg ár.

Verður sýnd í Tjarnarbíó núna fyrir jól.

Það hefur ekki verið skrifað snilldarverk
til jafns við **KLUKKUNA** á þessari öld.
Þetta er fegursta og áhrifamesta
ástarsaga nútímans.

Þýðing Stefáns Bjarman er furðulegt afrek



Síðasta erlenda bókin frá

Helgafelli

Veghúsastíg 7 — Garðastræti 17 — Austurstræti 1.
Laugaveg 38 — Laugaveg 39 — Laugaveg 100
Njálsgötu 64.



IDJA h.f.,
Lækjargötu 10 B

Ryksugur — Þvottavélar — Bónvélar — Straujárn
Hærivélar — Ráfmagnskatlar — Brauðristar

IDJA h.f.,
Lækjargötu 10 B

Listvinasalurinn

Framhald af 8. síðu.

mjög ódýrar, meiri hlutinn inn-
an við 500 kr. og margar
um og yfir 100.00. Verður það
að teljast óvenjulega ódýrt,
þegar þekktustu myndlistar-
menn eiga í hlut. Auk mynd-
anna eru hér listmunir ýmis-
konar, silfurmunir, keramik,
koparmunir, bastvefnaður og
alm. vefnaður, Júlíana Sveins-
dóttir og Ásgerður Ester sýna
myndvefnað.

Það má meðal annars telj-
ast til tíðinda á sýningu þess-
ari að Svavar Guðnason á hér
fimm nýjar myndir, en hann
hefur ekki sýnt síðan hann
kom heim. Júlíana Sveinsdóttir
á einnig fimm ný málverk,
sem hún sendi til landsins í til-
efni af sýningunni.

Að venju er aðgangur að
Jólasýningunni ókeypis, — hún
er opin í dag til kl. 22.00 og
út alla næstu viku.

Prjónlesfram- leiðslan

Framhald af 8. síðu.

sýnt er að innlendi iðnaðurinn
hefur alla möguleika á að sjá
landsfólki fyrir þessum vörum,
bæði hvað snertir verð og gæði.

Söluskattur innheimtur fjórum
til fimm sinnum!!

Meðal prjónlesframleiðenda
kom fram mikil óánægja vegna
söluskattarins. Skattur þessi
er innheimtur þrisvar sinnum
af framleiðslu þeirra, en að-
eins tvisvar, sé flutt inn er-
lend vara. Þetta ósamræmi er
enn meira þegar flutt er inn
ull til vinnslu hér, þá er sölus-
kattur krafinn fjórum sinnum
og jafnvel fimm sinnum þegar
unnið er úr íslenskri ull.

Heimskulegt tollafyrirkomulag.

Einnig gagnrýndi fundur
prjónlesframleiðenda það rang-
læti í toll-innheimtu að krafist
er 30% tolls auk tollviðauka
af innfluttri óunninni ull, en
aðeins 15% af innfluttu garni,
enda þótt í landinu séu fyrir
hendi óhagnýttar vélar til að
vinna ullina.

Erlent fjármagn.

Fundurinn minnti stjórnar-
völdin á þau loford þeirra að
verksmiðjur, sem fá leyfi til
starfrækslu hér með erlendu
fjármagni, en ein slík verk-
smiðja hefur nú verið stofnsett,
fái ekki að keppa við inn-
lend fyrirtæki á heima-markað-
inum, ekki sízt vegna þess að
innlendum framleiðendum hefur
verið synjað um innflutning á
vélum á undanförmum árum.

Samanburðarsýning á innlendra og erlendra framleiðslu.

Til þess að sanna hæfni hin-
nar innlendu framleiðslu á prjón-
lesi, hefur komið til mála að
félagið gangist fyrir samanburð
arsýningu á innlendum og er-
lendum prjónavörum. Við at-
hugun hefur t. d. komið í ljós
að samskonar innfluttar kven-
peysur sem seldar hafa verið
fyrir 286.00 krónur getur inn-
lendi iðnaðurinn framleitt fyrir
112.00 krónur og mætti nefna
mörg slík dæmi.

Í stjórn félagsins voru endur-
kennir Viktoría Bjarnadóttir,
formaður, Harald St. Björns-
son, ritari og Salóme Jónsdóttir,
gjaldkeri. Í varastjórn voru
kösar þau Sveinbjörg Klemens-
dóttir og Ólafur F. Ólafsson.
(Frá félagi ísl. prjónles-
framleiðenda.)